

Gin-gee bell ball – Góðgerðarkvöld alheimsforseta



Eldsnemma að morgni fimmtudagsins 14. nóvember skelltu 4 núverandi og fyrrverandi LC 7 skvísur sér upp á Keflavíkurflugvöll. Ferðinni var heitið til Bretlands, nánar tiltekið konunglega bæjarins Windsor, til að taka þátt í góðgerðarkvöldi Alexöndru Bennet alheimsforseta LC International. Ferðalagið gekk vonum framar og komumst við á áfangastað um hádegi á fimmtudeginum. Að sjálfsögðu

vorum við orðnar ansi þyrstar og þínu svangar og byrjuðum á að skella í okkur dásæmdar pizzu og ísköldu hvítvíni. Hvoru tveggja rann ljúflega niður þar sem við sátum og virtum fyrir okkur breska mannlífið í þessum smábæ og spáðum í næstu daga. Engin dagskrá var þessa helgina fyrir utan það að mæta á góðgerðarkvöldið á laugardagskvöldinu og við því tilbúnar í að sjá hvaða ævintýri myndu rata inn á borð hjá okkur. Dagarnir fóru að mestu í kokteila og gin smakk á mis gáfulegum breskum pöbbum ásamt því að detta reglulega inn í eins og eina og eina búð. Það var því ekki amalegt að röltu um stræti Windsor og virða fyrir sér öll þessi gömlu hús, kastala Bretlands drottningar og taka reglulegar og nauðsynlegar drykkjarpásur inn á milli. Á laugardeginum ákváðum við svo að taka bresku hefðina á þetta og skelltum okkur í kampavíns „high tea“ á mjög svo bresku te húsi. Það var mögnuð upplifun og eitthvað sem allir þurfa að prufa í Bretlandi. Um kvöldið var komið að góðgerðarkvöldinu og mættum við þrúðbúnar og sætar á viðburðinn. Salurinn var fallega uppdekkadur og hver og einn gestur fékk fallett jólaskraut og heimatilbúið gin í lítill flösku. Kvöldið leið hratt í frábærum félagsskap og var dansað fram eftir kvöldi þrátt fyrir að hljómsveitin væri kannski ekki sú allra besta. Það var síðan um hádegi á sunnudegi að við lögðum af stað aftur heim, með helling af dásamlegum minningum í farteskinu. Enn ein LC minningin þar sem hlátur, gleði og vináttar er efst á baugi. Og já, það söfnuðust um 260 þúsun krónur á góðgerðarkvöldinu og fer sá peningur í alþjóðlega góðgerðarverkefni LC International, Crimson Red.



Hildur Halldórsdóttir, LC7